

Útdráttur

Ritgerð þessi er lokaverkefni til B.Ed. – prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hún fjallar um fámenna skóla og foreldrasamstarf, en þar er leitað svara við þeirri spurningu hversu heppilegar smærri einingar skóla eru og hvernig foreldrasamstarf spilar þar inn í. Stuðst er við hvernig slíkir skólar vinna út frá *Aðalnámskrá Grunnskóla* til að koma í kring þeim vinnuáætlunum sem ætlast er til af þeim. Fámennir grunnskólar eru staðreynd og þess vegna er mikilvægt að þeir geti blómstrað og rækt skyldur sínar sem best við nemendur og foreldra

Þessir skólar reynast frekar dýrir í rekstri sökum smæðar sinnar og eru því oft stærsti kostnaðarliður lítilla sveitarfélaga. Þar af leiðandi er reynt að fækka rekstrareiningum í þeirri von að hagræðing náist fram. Því þarf að sýna fram á gildi þessara skóla í samfélaginu, þar sem þeir eru oftast einnig í hlutverki félagsmiðstöðva eða samkomustaða á viðkomandi svæðum. Því er það brýnna nú en oft áður að finna farsæla lausn á málefnum fámennra skóla.

Abstract

This essay is a graduation project for a B.Ed. examination at the Teacher Training Department of the University of Akureyri. It deals with schools with few pupils and parents' cooperation. An attempt is made to answer the question how practical small schools are and what part parental cooperation can play in them. This is based on how such schools operate according to the *Comprehensive Schools Curriculum* in order to put to work the plans they are supposed to apply. Primary Schools with few pupils are a fact and therefore it is important that they can function and practise their official duties towards both pupils and parents.

The operation of those schools is in fact rather expensive because of their meagre size and are more often than not the heaviest part of the expenditure budget of small local authorities. That is why the tendency is to try to decrease their number in the hope of more economic operation. This is the reason why it is necessary to prove the value of such schools in the community, where they most often also serve as the centres of social and cultural activities in the respective areas. Therefore it is now imperative, more than ever before, to find a viable solution in the matters of schools of few pupils.